

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Nótnasjóð Íslands“, útgefin á venju- 186
 legan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 23. okt. 1951. 23. okt.
 Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Nótnasjóðs Íslands.

1. gr.

Sjóðurinn nefnist „Nótnasjóður Íslands“ og er sjálfseignarstofnun. Stofnfé sjóðsins er kr. 36138.08 — þrjátíu og sex þúsund eitt hundrað þrjátíu og átta krónur og átta aurar —, og er það hálftrúð framlag ríkisútvarpsins til íslenskra tónskálda vegna flutnings á tónverkum þeirra í ríkisútvarpinu á tímabilinu frá 21. jan. 1947 til 7. sept. sama ár, sbr. 1. gr. samnings milli ríkisútvarpsins og STEFS, dags. 2. febr. 1949.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styðja endurritun, fjölritun, ljósmyndun eða prentun og útbreiðslu íslenskra tónverka.

3. gr.

Sjóðurinn semur við rétthafa um endurritun, fjölritun, ljósmyndun eða prentun tónverka þeirra, og skal leitast við að tryggja í samningum þessum, að framlagður kostnaður sjóðsins vegna verkanna endurgreiðist af leigutekjum og sölu eintaka, enda hefur sjóðstjórnin eða trúnaðarmenn hennar umsjón með útbreiðslu eintakanna.

4. gr.

Stjórn sjóðsins annast þrír menn, einn tilnefndur af stjórn STEFS, einn tilnefndur af ríkisútvarpinu, en menntamálaráðherra skipar formann sjóðsins. Varamenn í stjórn sjóðsins skal skipa eftir sömu reglum. Á hverju ári skal einn maður ganga úr stjórn ásamt varamanni sínum, í fyrsta skipti einu ári eftir að skipulagsskráin hlýtur staðfestingu. Í tvö fyrstu skiptin víkja stjórnarmenn eftir hlutkesti, en síðan eftir starfsaldri.

5. gr.

Stjórn sjóðsins má ráðstafa höfuðstólnum; hún varðveitir og ávaxtar fé sjóðsins og skal hún leggja stund á að afla sjóðnum tekna á ári hverju, m. a. með leigu og sölu nótna, sem sjóðurinn hefur kostað, sbr. 3. gr. Enn fremur skal sjóðstjórnin leitast við að afla sjóðnum styrkja af opinberu fé og annarra tekna með hverjum þeim ráðum, sem sjóðstjórnin telur tiltækileg.

6. gr.

Ársreikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af tveim endurskoðendum, og skipar stjórn STEFS annan en menntamálaráðherra hinn. Varaendurskoðendur skal skipa eftir sömu reglum. Endurskoðaðir ársreikningar sjóðsins skulu sendir menntamálaráðuneytinu fyrir 1. júlí ár hvert.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.